

Ed.

### 63. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta

Lagafrumvarp þetta miðar til þess, að bæta úr ójöfnuði, er leilt geti af ákvæðum 1. gr. í lögum 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta, þar sem fyrir geli það komið og hafi þegar fyrir komið, að af mörgum prestum, sem á sama tíma eru vígðir, verði sumir fluttir upp í hærri launaflokk, en aðrir verði að bíða jafnvel nokkur ár í lægra launaflokki.

Að vísu mun þessi misjafni flutningur á samtímis vígðum prestum úr lægra í hærri launaflokk ekki vera gerður með nákvæmlega réttum skilningi á 1. gr. nefndra laga, þar sem eftir henni á enginn þeirra að flytjast upp í hærri launaflokk fyrr en hann er orðinn »eldri að embættisaldri en *fullur* þriðjungur eða *fullir* tveir þriðjungar af sóknarprestum landsins«, en eldri en það geta ekki sumir þeirra orðið fyrr en þeir verða það allir, þar sem þeir allir eru vígðir jafnsnemma.

Sé þess vegna ákvæði greinarinnar nákvæmlega fylgt, þá á ekki misrétti að geta komið fram milli þessara presta. En af því leiðir þá það, að þeir geta allir þurft að bíða nokkur ár í lægra launaflokki, og þá ekki að bættara, þótt misrétti milli þeirra sé útrýmt á þann hátt, að þeir allir bíði halla af.

Fyrir því telur nefndin rétt og sanngjarnt, að ráða bót á þessu með því, að breyta nefndri lagagrein í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á, að í stað þriðjunga-flokkunarinnar komi ákveðinn embættisaldur.

En þegar að því kemur, að ákveða aldurs-takmörkin, svo að kostnaður landssjóðs fari sem næst því, er hin gildandi lög hafa í för með sér eða ekki til muna fram úr því, svo sem einnig frumvarpið ætlast til og nefndin telur rétt, að halda sér við, þá hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að víkja lítið

eitt frá þeirri þjónustu-áratölu, sem í frumvarpinu stendur, þannig, að í stað 10 ára í yngsta flokki komi 12 ár og 22 ára í miðflokki í stað 20 ára.

Eftir þeirri aldursröð prestanna, sem nú er farið eftir og væntanlega verður í næstu fardögum, eru af þeim presttum, sem laun taka eftir lögnum, 14 í elzta flokki, 18 í miðflokki og 21 í yngsta flokki, en með því aldursmarki, sem hér er stungið upp á, verða 24 í elzta flokki, 15 í miðflokki og 14 í yngsta flokki, og flytjast þá nú þegar 7 upp í miðflokk og 10 upp í elzta flokk. Að svo margir flytjast þannig upp stafar af því, að árið 1886 vígðust 10 prestar og aftur árið 1888 12 prestar, en það er eins dæmi, sem vænta má, að aldrei aftur komi fyrir.

Með þeirri þjónustuára tölu, sem nefndin stingur upp á, verður útgjalda-hækkunin, sem af breytingunni stafar, nokkru minni en eftir frumvarpinu, en þó svo veruleg, að nefndinni þykir hæpið að vænta, að þingið vilji ganga að meiri hækkun. Þessi hækkun mundi þó brátt hverfa aftur vegna þess að eftir lögnum fækka prestaköllin og úr elzta flokkinum, sem nú yrði fjölmennastur, ganga margir burt, sem engir koma í staðinn fyrir, og yngsti flokkurinn hlyti innan skamms að verða jafnfjöldmennur hinum og koma sem næst út það hlutfall, sem lögin, eins og þau nú eru, hafa í för með sér og ætlast til.

Samkvæmt framanskráðu telur nefndin nauðsynlegt að ráða bót á ójónuði og nokkru handahófi, sem lögin óbreytt mundu hafa í för með sér, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarp það, er fyrir liggur, með þessari einni breytingu á frumvarpsgreininni:

- Í stað: »10 þjónustuár« komi: 12 þjónustuár.
- Í stað: »20 þjónustuár« komi: 22 þjónustuár.

Efri deild alþingis, 27. febr. 1911.

Eiríkur Briem,  
form.

Kristinn Danielsson,  
skrifari og framsögum.

Sigurður Hjörleifsson.

Sigurður Stefánsson.

Steingrímur Jónsson.